

Bæjarráð - FW: Frummatsskýrsla um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði - beiðni um umsögn

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Frummatsskýrsla um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði - beiðni um umsögn
Málsnúmer : 2016020071
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 03.04.2018 12:20:40
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [Frummatsskýrsla 4000 t í Arnarfirði - Arctic Sea Farm.pdf](#)[Frummatsskýrsla 4000 t í Arnarfirði - Arctic Sea Farm.pdf](#)

From: Ómar Ingþórsson [<mailto:omar@skipulag.is>]

Sent: Tuesday, April 3, 2018 12:02

Subject: Efni: Frummatsskýrsla um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði - beiðni um umsögn

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði sem Skipulagsstofnun óskar umsagnar um. Útprentuð frummatsskýrsla og beiðni um umsögn verður póstlögð í fyrramáli, 4. apríl.

Arctic Sea Farm hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að neðangreindir umsagnaraðilar gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs hans gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila. Umsögn óskast send Skipulagsstofnun fyrir **27. apríl 2018** einnig á tölvupóstfang: skipulag@skipulag.is og omar@skipulag.is.

Umsagnaraðilar: Sveitarstjórn Vesturbyggðar, Sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Orkustofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun, Samgöngustofa, og Umhverfisstofnun.

Kveðja,
Ómar Ingþórsson

Ómar Ingþórsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun